



Útboðsskilmálar

vegna kaupa Seðlabanka Íslands á erlendum gjaldeyri samkvæmt fjárfestingarleið.

Viðskiptadagur: 19. mars 2013

1. Seðlabanki Íslands kallar hér með eftir tilboðum um sölu á erlendum gjaldeyri, í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi, sbr. skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta, dags. 18. nóvember 2011 með síðari breytingum, hér eftir einnig vísað til sem „*skilmálarnir*“. Fjármálafyrirtækjum sem uppfylla formskilyrði 28. gr. skilmálanna er boðið að hafa milligöngu um kaupin f.h. fjárfesta. Útboðið er liður í afléttingu hafta á fjármagnshreyfingum með gjaldeyri, til samræmis við áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011, og er framkvæmt á grundvelli 18. gr., sbr. III. bráðabirgðaákvæði, laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og I. bráðabirgðaákvæði laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 m.s.br. Fjármagnsflutningar sem leiða af gjaldeyrisviðskiptunum eru heimilir skv. 13. gr. n laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.
2. Samhliða útboðinu efnir Seðlabankinn til annars útboðs, til kaupa á erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir ríkisverðbréf. Útboðsfjárhæðin er sameiginleg fyrir bæði útboðin. Lágmarksverð ákvarðast hið sama í báðum útboðum. Að öðru leyti geta atriði eins og fjöldi og gerð tilboða í öðru hvoru útboðinu haft áhrif á hitt útboðið.
3. Heildarmagn evra (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður ákveðið eftir að frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að ákvarða útboðsfjárhæðina, meðal annars með hliðsjón af því er segir í 2. gr. þessara útboðsskilmála. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að setja skorður við fjárhæðarþátttöku einstakra fjárfesta í útboðinu, með því að takmarka magn þess erlenda gjaldeyris sem fjárfestir getur boðið til sölu, með hliðsjón af ójafnvægi milli innlendra og erlendra kostnaðarþátta stærri fjárfestinga og þeim markmiðum með áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta, um að viðskipti samkvæmt áætluninni valdi ekki verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum eða tefli fjármálastöðugleika í tvísýnu. Með stærri fjárfestingu er átt við fjárfestingu sem nemur 20 milljónum EUR.
4. Evrur í formi reiðufjár verða keyptar með íslenskum krónum, sem háðar eru kvöð, eins og nánar er greint frá í útboðsskilmálum þessum.
5. Milligönguaðilar senda tilboð til Seðlabankans í gegnum Bloomberg milli kl. 9:45 og 10:45 á viðskiptadegi (samkvæmt staðartíma á Íslandi). Frestur til að skila inn tilboðum rennur út þriðjudaginn 19. mars 2013 kl. 10:45 (viðskiptadagur). Niðurstöður útboðsins verða birtar á heimasíðu Seðlabankans í lok viðskiptadags. Milligönguaðilar sjá um að tilkynna sínum viðskiptamönnum um niðurstöður útboðsins.
6. Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Hæsta samþykkt verð ræður útboðsverði. Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til þess að ákveða útboðsverð eftir að tilboðsfrestur rennur út. Tilboðum *undir* útboðsverði er tekið að fullu, tilboðum *yfir* útboðsverði er hafnað að fullu, og tilboð sem eru *jafnhá* útboðsverði verða samþykkt hlutfallslega (*pro rata*).
7. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, hafna þeim að hluta eða hafna þeim öllum.
8. Milligönguaðilar, þ.e. þau fjármálafyrirtæki sem uppfylla formskilyrði 28. gr. skilmálanna og hafa gert samstarfssamning við Seðlabankann, skulu safna tilboðum um sölu á erlendum gjaldeyri. Seðlabankinn birtir á heimasíðu sinni samhliða útgáfu útboðsskilmálanna yfirlit yfir

Það hverjir milligönguaðilar eru. Milligönguaðilar skulu leggja fram tilboð til Seðlabankans, í nafni þess fjárfestis sem stendur að baki tilboðinu, en einungis skal vera um að ræða tilboð frá þeim fjárfestum sem hafa undirritað viðskiptaskilmála vegna gjaldeyrisviðskipta samkvæmt fjárfestingarleið á grundvelli samþykkrar umsóknar um þátttöku í fjárfestingarleið. Milligönguaðilum er heimilt að leggja fram eins mörg tilboð og þörf krefur með hliðsjón af því hversu mörg tilboð fjárfestar vilja að verði lögð fram í þeirra nafni.

9. Með framlagningu tilboðs samþykkir milligönguaðili þessa útboðsskilmála, bæði fyrir sitt leyti og f.h. þess fjárfestis sem stendur að baki tilboðinu, ásamt þeim kvöðum sem af þeim leiða, og ábyrgist um leið að hafa heimild til þess að staðfesta slíkt f.h. fjárfestis.
10. Tilboð skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í skilmálunum (SKILYRÐI VIÐSKIPTA), sem og þær kröfur sem almennt leiða af skilmálunum.
11. Tilboð skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um magn erlends gjaldeyris sem boðinn er til sölu, og verð (krónur pr. evru með tveimur aukastöfum), og tilvísun til þeirrar umsóknar fjárfestis um þátttöku í fjárfestingarleið sem við á í hverju tilfalli. Lágmarksfjárhæð í hverju tilboði fjárfestis skal vera 25.000 EUR, og skulu boð vera þannig að tilboðin hlaupi á heilu margfeldi af 1.000 EUR.
12. Milligönguaðilar skulu greiða Seðlabankanum f.h. fjárfestis með evrum fyrir samþykkt tilboð fjárfestis eigi síðar en föstudaginn 22. mars 2013 kl. 11:00 (uppgjörsdagur) samkvæmt stöðluðum greiðslufyrirmælum Seðlabanka Íslands.
13. Standi fjárfestir ekki við tilboð sitt áskilur Seðlabankinn sér annað hvort rétt til að rifta kaupum þá þegar og taka öðru boði, eða til að krefja fjárfesti beint um fullar efndir (*in natura*) auk hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
14. Þegar greiðsla gjaldeyris hefur borist Seðlabankanum mun Seðlabankinn afhenda krónurnar þann sama dag inn á sérstakan reikning milligönguaðila hjá Seðlabankanum. Reikningurinn verður læstur fyrir útgreiðslur. Þegar sýnt hefur verið fram á að allar forsendur fyrir viðskiptunum hafa verið uppfylltar, sbr. 20. gr. skilmálanna, mun útgreiðsla krónanna verða heimil. Það hvenær staðfestinga fyrir forsendum viðskiptanna er aflað, og þær afhentar Seðlabankanum, er á ábyrgð fjárfesta og milligönguaðila, og eru engin takmörk á því hve lengi krónur geti legið inni á reikningi milligönguaðila. Reikningur milligönguaðilans er vaxtalaus.
15. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Milligönguaðilar geta óskað staðfestingar á móttöku tilboða hjá Markaðsviðskiptum og fjárstýringu Seðlabanka Íslands. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg og það berist Seðlabankanum fyrir kl. 10:45 á útboðsdegi (viðskiptadagur).
16. **Eftirtaldar KVAÐIR skulu eiga við um gjaldeyrisviðskiptin:**
 - a. Fjárfestir verður að undirrita viðskiptaskilmála vegna gjaldeyrisviðskipta samkvæmt fjárfestingarleið.
 - b. Fjárfestir skuldbindur sig til þess að nota þá fjármuni sem hann eignast í viðskiptunum til fjárfestingar sem er í samræmi við umsókn fjárfestis um þátttöku í fjárfestingarleið.
 - c. **Eignarhald fjárfestis á fjárfestingu skal vera óraskað í fimm ár frá og með dagsetningu kaupa, og ef til þess kemur að greiðslur berist vegna fjárfestingar fyrir ráðgerðan gjalddaga þá skuli þeim ráðstafað til fjárfestingar samkvæmt fjárfestingarleið, allt eins og nánar greinir í viðskiptaskilmálum vegna gjaldeyrisviðskipta samkvæmt fjárfestingarleið.**
 - d. Fjárfestir skal þó fá greiddan hvers kyns arð af fjárfestingum sínum kvaðalaust meðan kvaðirnar eru í gildi, sbr. 7. gr. skilmálanna.

- e. **Verði brotið gegn kvöðunum um bann við hvers kyns ráðstöfun fjárfestingarinnar til fimm ára skal Seðlabankanum vera heimilt að innleysa þriðjung (1/3) fjárfestingarinnar (gjalddeyrarviðskipta), allt eins og greinir nánar í viðskiptaskilmálum vegna gjalddeyrarviðskipta samkvæmt fjárfestingarleið.**
 - f. Fjárfestir mun verða að undirrita öll skjöl í tengslum við kvaðabindingu fjárfestingarinnar, og ljá atbeina sinn að hverju því sem nauðsynlegt er, svo framangreindri kvöð um 5 ára eignarhald verði veitt réttarvernd með fullnægjandi hætti.
 - g. Í tilviki fjárfestis, hvers verðbréf hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum verðbréfamarkaði innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), og/eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfar reglulega og er opin almenningi, getur verið vikið frá liðum c, e og f, allt eins og nánar greinir í skilmálunum.
17. Meðan kvaðir samkvæmt þessum útboðsskilmálum eru í gildi skal öllum greiðslufyrirmælum varðandi hvers kyns arðgreiðslur af fjárfestingum vera beint til þess aðila sem ber að inna slíkar greiðslur af hendi, og ber Seðlabankinn sem rétthafi kvaðanna ekki ábyrgð á tjóni sem verður af samskiptum milli fjárfestis og þriðja manns vegna þess.
 18. Meðan kvaðir samkvæmt þessum útboðsskilmálum eru í gildi skal Seðlabanki Íslands vera undanþeginn ábyrgð á öllu tjóni fjárfestis sem kann að stafa af óviðráðanlegum atvikum (*force majeure*) og þar með talið, en þó án tæmandi talningar, náttúruhamförum, stríði, hryðjuverkum, og lögum og reglugerðum stjórnvalda. Þá er ljóst að lögákveðin og reglubundin starfsemi Seðlabanka Íslands getur haft áhrif á gengi gjaldmiðla og eða verðbréfa, og því ber Seðlabankinn ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi fjárfestis, sem verða kann af fjárfestingum, og sem rekja má til lögákveðinnar og reglubundinnar starfsemi Seðlabankans.
 19. Fjárfestir ber allan kostnað sem kemur til vegna réttarverndar kvaða, s.s. vegna opinberra gjalda eða þjónustu aðila í verðbréfavörslu. Skal Seðlabanki Íslands vera skaðlaus af öllum slíkum kostnaði.
 20. Útboðsskilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og fjárfestis sem þátttakanda í útboðinu, sem og milligönguaðila eftir því sem við á. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á neinum skuldbindingum milli fjárfestis og milligönguaðila vegna viðskipta þeirra á milli sem leiða af þátttöku fjárfestis í útboðinu.
 21. Að öðru leyti en greinir í þessum útboðsskilmálum gilda ákvæði skilmála Seðlabanka Íslands um gjalddeyrarviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjalddeyrishafta, dags. 18. nóvember 2011 með síðari breytingum, um gjalddeyrarviðskiptin sem leiða af þátttöku í útboðinu, en rekist ákvæði skilmálanna og þessara útboðsskilmála ganga útboðsskilmálarnir fram.
 22. Útboðsskilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.